



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

**Athugun á eignarfalli eintölu sterkra  
karlkynsorða**

*Tvímyndir og frávik*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Beata Czajkowska**

**Maí 2009**

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Íslenska fyrir erlenda stúdenta

# Athugun á eignarfalli eintölu sterkra karlkynsorða

*Tvímyndir og frávik*

Ritgerð til B.A.-prófs

Beata Czajkowska

Kt.: 200277–2799

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir

Maí 2009

## Ágrip

Í ritgerðinni er fjallað um eignarfall eintölu sterkra karlkynsorða, einkum tvímyndir og frávik frá hinni almennu endingu. Fyrst er farið yfir upplýsingar um tvímyndir í eignarfalli eintölu í málfræðibókum og niðurstöður eru settar saman. Valin voru 125 orð þar sem 122 geta haft tvímyndir og í þremur orðum er um frávik frá almennri endingu að ræða. Við athugun á eignarfallsendingu á þeim orðum var tekið tillit til þess hvað höfundar bókanna segja um endinguna og hvort bókin sé ætluð erlendum eða íslenskum nemendum. Bókum var skipt í kennslubækur og mállýsingar. Athugað var einnig hvort bækurnar hefðu upplýsingar um tvímyndir og hvort lýst væri reglum um þær. Af þessum 125 orðum voru valin síðan 37 orð samkvæmt *Íslenskri orðtíðnibók* og einu orði bætt við. Tíðnikönnun var gerð á 38 orðum á nokkrum algengum vefsvæðum og með vefskoðara. Tölulegar niðurstöður voru settar saman í töflur. Við athugun á dreifingu og tíðni endinganna kom í ljós að flest orð með tvímyndir hafa tilhneigingu til að fá *-s* eignarfallsendingu. Að lokum voru niðurstöður úr málfræðibókum og niðurstöður athugunar á netinu bornar saman.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Almennt um karlkynsnafnorð og beygingu þeirra.....	4
3. Lýsingar á eignarfalli eintölu í málfræðibókum.....	6
3.1 Um bókaval.....	6
3.2 Valtýr Guðmundsson 1922.....	6
3.3 Stefán Einarsson 1949.....	8
3.4 Kristján Árnason 1980.....	9
3.5 Bruno Kress 1982.....	9
3.6 Jón G. Friðjónsson 1984.....	10
3.7 Colin D.Thomson 1987.....	11
3.8 Eiríkur Rögnvaldsson 1990.....	11
3.9 Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir 1998.....	12
3.10 Samanburður.....	12
4. Tíðnikönnun á eignarfalli eintölu valdra karlkynsorða.....	19
4.1 Um könnunina.....	19
4.2 Niðurstöður.....	20
4.3 Samanburður við málfræðibækur.....	27
5. Lokaorð.....	32
Heimildaskrá.....	34

## 1. Inngangur

Viðfangsefni ritgerðarinnar er eignarfall eintölu sterkra karlkynsorða. Eins og það kemur fram í almennri lýsingu á íslenskri tungu eru endingar í eignarfalli eintölu  $-s$  í orðum eins og t.d. *hestur*–*hests* og  $-ar$  t.d. *vinur*–*vinar* en sum orð geta fengið báðar endingar t.d. *bekkur* ef. et. *bekks* og *bekkjjar*. Athugað verður hvað ræður ferðinni við myndun eignarfalls eintölu með endingu  $-s$  og  $-ar$ . Sjónum er þó einkanlega beint að tvímyndum. Á verkið er horft með augum útlendingins sem hefur ekki sömu máltilfinningu fyrir vali á endingu og þeir sem hafa íslensku að móðurmáli.

Í ritgerðinni verður farið yfir einstök rit um íslenska málfræði; hvernig eignarfalli eintölu karlkynsorða er lýst í þeim; hvort sé hægt að finna einhverjar reglur sem ráða vali endingarinnar, einkum þegar um frávík er að ræða frá hinni almennu endingu. Til samanburðar gerð er tíðnikönnun á 38 karlkynsorðum sem geta haft tvímyndir. Stuðst var við lista orða sem komu fram í þriðja kafla þessarar ritgerðarinnar og úr honum voru síðan valin orð sem fundust í *Íslenskri orðtíðnibók*. Könnun var gerð á netinu á nokkrum algengum íslenskum gagnasöfnum og með vefskoðara. Tilgangur könnunarinnar er að athuga dreifingu og tíðni eignarfallsendinga þessara 38 orða. Hvert orð er skoðað í báðum eignarfallsmyndum með  $-s$  og  $-ar$ , með og án greinis til að niðurstöður sýni meiri fjölbreytileika.

Efnisskipan í ritgerðinni er sem hér segir: Í öðrum kafla er fjallað almennt um karlkynsorðin og beygingu þeirra með sérstakri áherslu á eignarfall eintölu. Í þriðja kafla er fjallað um lýsingu á eignarfalli eintölu karlkynsorðanna í völdum málfræðibókum. Kaflanum er skipt í tíu undirkafla. Í þeim fyrsta gerð er grein fyrir vali á bókum og síðan farið rækilega yfir hverja bók. Í þeim síðasta eru niðurstöðurnar bornar saman. Tíðnikönnun á 38 völdum orðum er lýst í fjórða kafla. Þessum kafla er skipt í þrjá undirkafla. Í fyrsta hlutanum er fjallað um hvernig staðið var að könnuninni og hvar leitað var dæma en í öðrum undirkafla eru niðurstöður úr könnuninni kynntar. Í síðasta hlutanum eru niðurstöður athugunarinnar á málfræðibókum bornar saman við þær niðurstöður sem tíðnikönnunin leiddi í ljós. Í fimmta kafla ritgerðarinnar eru stutt lokaorð.

## 2. Almennt um karlkynsnafnorð og beygingu þeirra

Í náminu „Íslenska fyrir erlenda stúdenta“ voru okkur fyrst kenndar reglulegar og algengar endingar karlkynsnafnorðanna í nefnifalli eintölu: *–i penni, –ur strákur, –l stóll, –n steinn*. Síðan var efnið útvíkkað og sjaldgæfari endingar kynntar, þ.e. *–r skór*; endingarlaus orð *fugl, akur* en einnig óreglulegar beygingar orðanna: *maður, faðir, bróðir, fótur, fingur*. Orð sem enda á *–i* í nefnifalli eintölu eru kölluð veik en önnur eru sterk. Veik nafnorð fá alltaf endinguna *–a* í hinum föllum eintölu en myndun beygingarforma sterkra karlkynsorða er fjölbreyttari.

Margar beygingarmyndir karlkynsorða er hægt að segja fyrir um út frá tilteknum grunnupplýsingum, t.d. er þolfall eintölu alltaf endingarlaust *hestur–hest*; í þágufalli fleirtölu er endingin *–um*: *hestum* fyrir öll nafnorð og eignarfall fleirtölu hefur endinguna *–a*: *hesta*.

Mestum erfiðleikum fyrir marga útlendinga valda myndun þágufalls eintölu, eignarfalls eintölu og nefnifalls fleirtölu. Í þágufalli eintölu geta verið tvær beygingarmyndir, með endinguna *–i hestur–hesti* eða án *dalur–dal*. Í flestum tilvikum er það ófyrirsegjanlegt og ekki einfalt að setja sérstakar reglur sem gætu sagt fyrir um val á endingu (sbr. Friðrik Magnússon 1983). Í nefnifalli fleirtölu koma tvær endingar til greina *–ar hestar* og hins vegar endingin *–ir vinir*. Endingin *–ar* er ómörkuð gagnvart endinguna *–ir* og er hún miklu algengari en hin síðarnefnda. Það má sjá einhvern regluleika í stofni orðanna við val á endingu en samt eiga sér stað alls konar frávik frá almennum reglum (sbr. Margréti Jónsdóttur 1993). Eignarfall eintölu hefur tvær endingar *–s hests* og *–ar vinar*. Fyrir flest orð er eignarfallsendingin fyrirsegjanleg en ekki fyrir öll og ákvörðun um val á endingu valdur útlendingum oft vandræðum.

Í flestum orðabókum eru gefnar upp kennimyndir. Þær eru notaðar til að lýsa og gefa hugmynd um beygingu tiltekins orðs. Þær eru eignarfall fleirtölu og nefnifall fleirtölu. Á þessum kenniföllum er einnig byggð algengasta skipting sterka karlkynsorða í fjóra beygingaflokka:

(1)	ef.et.	nf.ft.
1. flokkur	<i>–s</i>	<i>–ar</i>
2. flokkur	<i>–s</i>	<i>–ir</i>
3. flokkur	<i>–ar</i>	<i>–ir</i>
4. flokkur	óregluleg orð	


Þessum flokkum eru síðan í hefðbundinni greiningu skipt í undirflokka eftir tilbrigðum í endingum nefnifalls eintölu og síðan eftir breytingum sem geta komið fram í stofni orðanna eins og hljóðvörpum, klofningu eða sérhljóðabrottföllum.

### 3. Lýsingar á eignarfalli eintölu í málfræðibókum

#### 3.1 Um bókaval

Bækurnar sem voru valdar til skoðunar eru allar frá 20. öld. Flestar bækurnar eru ætlaðar fólki sem er að læra íslensku sem annað mál nema bók Kristjáns Árnasonar *Íslensk málfræði* sem er kennslubók handa íslenskum nemendum í framhaldsskólum og bók Eiríks Rögnvaldssonar *Íslensk orðhlutafræði* sem er ætluð nemendum á háskólastigi. Bækurnar *Íslensk Grammatik* eftir Valtýr Guðmundsson, *Isländische Grammatik* eftir Bruno Kress og *Íslensk beygingarfræði* eftir Colin D. Thomson eru mállýsingar handa útlendingum. Hin ritin eru kennslubækur (sbr. Mynd 1.)

Mynd 1.



Tvær fyrstu bækurnar eru frá fyrri hluta 20. aldar; fjórar næstu eru frá níunda áratugnum og tvær síðustu eru frá tíunda áratugnum. Hér er hægt að skoða hvort lýsing á eignarfalli eintölu karlkynsorðanna hefur breyst frá árinu 1922 til ársins 1998. Áhugavert er að skoða ritin sem gefin voru út á níunda áratugnum þar sem tvö þeirra eru eftir erlenda fræðimenn. Ég mun skoða hvort munur sé á lýsingum á eignarfalli eintölu í bókum íslenskra og erlendra höfunda og einnig hvernig eignarfalli eintölu er lýst í kennslubókum sem ætlaðar eru íslenskum nemendum og þeim ritum sem ætluð eru erlendum nemendum.

#### 3.2 Valtýr Guðmundsson 1922 (hér eftir VG)

Valtýr Guðmundsson (1922:46–61) skiptir sterkri beygingu karlkynsorða í fjóra aðalflokka eftir beygingarendingum í eignarfalli eintölu og nefnifalli fleirtölu. Hjá VG koma



tvímyndir fram í þremur fyrstu flokkunum. Til fjórða flokksins heyra karlkynsorð sem hafa óreglulega beygingu en um það efni verður ekki rætt frekar í ritgerðinni.

(2) a) Ef.et *-s (-ar)*, nf.ft. *-ar*

Flokkur þar sem flest orð hafa *-s* í ef.et. en öll orð hafa *-ar* nf.ft.

- Fáein orð í þeim hópi hafa tvímyndir *-s* og *-ar*.:
  - *grautur, skógur, vindur, þröskuldur, kraftur.*
  - Orðin *fiskur* og *sjór* hafa innskot samhljóðs, þ.e. *-j, -v*, á milli stofns og endingar *-ar*.
  - Orð með tvíkvæðan stofn og brottfall sérhljóðs úr stofni á undan sérhljóði í beygingarendingu. Dæmi: *blástur, gróður, hróður, lestur, rakstur, rekstur, róður.*
  - Orð með viðskeyti *-und-* og endingu *-ur* í nf.et. Dæmi: *höfundur, vísundur, vöfundur.*
  - Orð með viðskeyti *-arð-* og endingu *-ur* í nf.et. Dæmi: *bastarður, lávarður, mustarður.*

b) Ef.et *-s (-j-ar)*, nf.ft. *-ir*

Valtýr segir að í þessum hópi sé aðalendingin í eignarfalli eintölu *-s* en sum orð hafi *-ar* endingu eða tvímyndir. Til þess flokks tilheyra orð af ákveðinni stofngerð sem hafa virka reglu um *-j* innskot. Reglan segir að í orðum þar sem beygingarendingin hefst á sérhljóði *-a* eða *-u* og stofn endar yfirleitt á samhljóðinu *-g* eða *-k* er skotið *-j* á milli stofns og endingar. Þessi regla virkar ekki í nf.et.

- Orð sem fá tvímyndir *-s* og *-ar* og hafa *-j*-innskot:
  - Flest orð hafa stofn sem endar á samhljóð *-g* eða *-k*: *beður, bekkur, belgur, bylur, drengur, drukkur, drykkur, dynur, elgur, eykur, fengur, flekkur, glymur, grikkur, hlekkur, hlykkur, hlymur, hlynur, hnykkur, hrekkur, hringur, hryggur, hylur, kekkur, kengur, kveikur, kækur, leggur, leikur, lækur, niður, mergur, reykur, rifur, rígur, rykkur, seggur, skelkur, sekkur, skrykkur, skrækur, skykkur, slægur, sprengur, steggur, stekkur, stingur, strengur, stuggur, styrkur, svelgur, sægur, uggur, vefur, veggur, verkur, vængur, ylur, þefur, þrekkur, þvengur, þytur.*
  - einstök orð með endingu *-r* í nf.et.: *bæ-r, blæ-r, glæ-r, gný-r, þey-r.*

- einkvæð endingarlaus orð: *her, styr, ys, þys, byr*.
- Tvö orð *bragur* og *salur* hafa ekki *-j*-innskot.

c) Ef.et. *-ar*; nf.ft. *-ir*

Öll orð sem eru í þriðja flokknum enda á *-ar* í eignarfalli eintölu. Fáein orð geta þó fengið *-s* endingu, einkum í samsetningum:

- *limur, sauður, siður, skutur, unaður, kökkur, kjölur, ás, spónn*.

### 3.3 Stefán Einarsson 1949 ( hér eftir SE)

Stefán (1949:32–37) skiptir karlkynsorð í hefðbundna fjóra flokka. Hér á eftir er tveimur fyrstu flokkunum lýst. Í þeim koma tvímyndir fram og frávik frá almennu endingunni í ef.et. Þriðji flokkur er reglulegur hjá SE og öll orð hafa *-ar* endingin í ef.et. Í fjórða flokki er óreglulegri beygingu karlkynsorða lýst. Hér eru þeir flokkar sýndar sem skipta máli fyrir athuganir á eignarfalli eintölu.

(3) a) Ef.et *-s (-ar)*, nf.ft. *-ar*

Fyrsti flokkur þar sem almenn endingin í ef.et. er *-s* en sum orð hafa aðeins endinguna *-ar*, tvímyndir *-s* og *-ar* koma einnig fram í sumum orðum.

- Orð sem fá alltaf *-ar*:
  - *grautur*
  - með viðskeyti *-und-* og beygingarendingu *-ur* í nf.et. Dæmi: *höfundur*.
- Orð sem fá tvímyndir:
  - *skógur*
  - *sjór, snjór*.

b) Ef.et *-s (-j-ar)*, nf.ft. *-ir*

Annar flokkur hefur endinguna *-s* í ef.et. en sum orð í flokknum fá *-ar* eða tvímyndir *-s* og *-ar*.

- Orðin sem geta fengið tvímyndir *-s* og *-ar* eru af gerðinni *leikur, veggur, bær*. Í þeim er virk regla um *-j*-innskot þar sem *-j* er skotið milli stofns og endingar ef sérhljóðin *-a* eða *-u* koma í endingu og stofn endar á:
  - samhljóðum *-k, -g*.
  - sérhljóðum *-æ, -ey, -ý*. Orðið *bær* hefur aðeins *-ar* í ef.et.

### 3.4 Kristján Árnason 1980 (hér eftir KÁ)

Kristján (1980:73–74) reynir að lýsa sambandi milli eignarfalls eintölu og nefnifalls fleirtölu en hann finnur ekki neina sérstaka reglu sem gæti útskýrt betur val endingar í þeim föllum. Í raun og veru segir hann ekki neitt um tvímyndir í eignarfalli eintölu, val á eignarfallsendingu eða dreifingu endinganna í því falli.

### 3.5 Bruno Kress 1982 (hér eftir BK)

Bruno Kress (1982:56–73) skiptir sterkri beygingu í þrjá aðalflokka þar sem eru *a-*, *i-* og *u-* stofnar. Í þeim flokkum koma orð sem hafa tvímyndir eins og sýnt er hér á eftir.

#### (4) a) *a*-stofnar: ef.et. *-s* (*-ar*), nf.ft. *-ar*

Langflest orð fá *-s* í ef.et. en fáein orð fá *-ar* eða tvímyndir *-s* eða *-ar*.

- Orð með *-ar*:

- *skógur, höfundur, vindur, þröskuldur.*

- Tvímyndir *-s* og *-ar* fá orðin:

- *grautur, lávarður*
- Nokkur orð af gerðinni *akur* með tvíkvæðan endingarlausan stofn og með brottfall sérhljóðsins úr stofni á undan sérhljóði í beygingarendingu. Dæmi: *blástur, lestur, rakstur, gróður, róður.*
- *va*-stofnar: *sjó, snjór*
- *ja*-stofnar: *niður*

#### b) *i*-stofnar: ef.et. *-ar* (*-s*), nf.ft. *-ir*

Fleiri orð í þessum hópi mynda eignarfall með *-ar* en *-s*. Fáein orð fá ýmist *-s* eða *-ar* eignarfall.

- Orð með tvímyndir:

- *hvinur, reitur, sauður, skutur, meiður, kviður, liður*
- Orð með virka hljóðkerfisreglu sem setur *-j* milli stofn og endingar ef stofn orðsins endar á *-k*, eða *-g* og beygingarendingin hefst á sérhljóði *-a* eða *-u*. Dæmi: *bekkur, fengur, flekkur, hlekkur, reykur, stekkur, strengur, veggur, verkur, vængur, þvengur.*

- Önnur orð með *-j*-innskot milli stofns og beygingarendingar, þ.e. *-a*, *-u*.  
Dæmi: *blær, gnýr, beður, bylur, byr, her, hylur, rifur, ylur, þefur*.

c) *u*-stofnar: ef.et. *-ar*, nf.fl. *-ir*

Öll orð hafa *-ar* eignarfallsendingu en í nokkrum orðum kemur einnig endingin *-s*:

- Orð með tvímyndir:

- *mökkur, spónn*.
- Fáein orð af gerðinni *fatnaður* með *-að-*, *-uð-* viðskeyti: *unaður, fagnaður, frömuður*.

### 3.6 Jón G. Friðjónsson 1984 (hér eftir JF)

Jón (1984:8–13) skiptir sterkum karlkynsnafnorðum í fjóra aðalflokka og síðan eru þeir fyrstu flokkaðir nánar niður eftir samskonar atriðum, t.d. endingum í nf.et. Í þeim fyrstu koma fram orð með frábrugðna endingu í ef.et. og eru þau tilgreind hér að neðan. Í fjórða flokki eru talin sex nafnorð með óreglulega beygingu. JF nefnir ekki orð sem geta haft tvímyndir í ef.et.

(5) a) Ef.et *-s*, nf.ft. *-ar*

- Nokkur orð sem hafa endingu *-ar* í ef.et.:

- *höfundur, skógur, þröskuldur, grautur, matur, -nautur: ráðunautur, skuldunautur*.
- Orðið *sjór* er oftast *sjávar* í ef.et. sérstaklega í samsetningum: *sjávarföll, sjávardýr, sjávarhættir*.
- Orð af gerðinni *akur* sem eru endingarlaus og hafa brottfall sérhljóðs úr stofni.  
Dæmi: *rekstur, lestur, róður*.

b) Ef.et *-s*, nf.ft. *-ir*

Hópur orða í þessum flokki eru með virka *-j*-innskot reglu þar sem *-j* er skotið inn á undan sérhljóði í beygingarendingu, þ.e. *-a*, *-u*. Stofn flestra orða endar á *-(g)g* eða *-(k)k*.

- Nokkur orð af þessari gerð sem fá *-ar* í ef.et. Dæmi: *drykkur, lækur, vefur, vegur*, einnig *bylur* og *hylur*.
- Nokkur orð af þessari gerð sem fá *-s* í ef.et. Dæmi: *hringur, leikur, stingur, vængur*.
- Eitt orð, *bær*, fær *-ar* í ef.et.

- c) Ef.et *-ar*, nf.ft. *-ir*

Eitt orð, *grunur*, fær *-s* endingu í ef.et.

### 3.7 Colin D. Thomson 1987 (hér eftir CDT)

Colin D. Thomson (1987:77–84,99–114) sýnir beygingardæmi og lýsir því sem hann telur mikilvægt við beygingu orðanna. Hann lýsir karlkynsorðum þar sem báðar eignarfallsendingar *-s* og *-ar* koma til greina á eftirfarandi hátt:

- (6) a) Nokkur orð sem beygjast eins og *himinn* og hafa *-ar* í nf.ft. fá *-s* eða *-ar* ef.et.

Stofninn í orðum af þessari gerð dregst saman með því að sérhljóð fellur brott á undan sérhljóði í beygingarendingu. Dæmi:

- *árekstur, gróður, hlátur, hróður, lestur, rakstur, rekstur, róður.*

- b) Til hóps orðanna sem hafa *-s* eignarfallsendingu og *-ar* í nf.et. heyra nokkur orð sem geta fengið tvímyndir *-s* og *-ar*. Dæmi:

- *auður, bógur, hrollur, óður, skriður, snúður, veigur, vindur, vísundur.*

- c) Orð eins og *selur* og *fundur* sem hafa *-ir* í nf.ft. geta haft ýmist *-s* eða *-ar* í ef.et. Til hópsins heyra um það bil 100 nafnorð. Endinguna *-s* hafa nærri tveir þriðjungar (67%), *-ar* einn þriðjungur (33%) en í fáeinum orðum koma báðar endingar fyrir. Thomson nefnir orð með tvímyndir:

- *bragur, kvistur, liður, limur, siður, skutur, tugur, vaður.*

- d) Orð sem beygjast eins og *bekkur* eru um það bil 65. Í þessum hópi hafa 50% orðanna alltaf *-s* í ef.et., nærri 25% *-j-ar* endingu, og í 25% orðanna koma báðar endingarnar fyrir. Orðin með tvímyndir:

- *beður, bekkur, blær, bylur, elgur, fengur, flekkur, hlekkur, gnýr, hylur, hyr rifur, stekkur, strengur, veggur, vængur, ylur, þefur, þvengur.*

### 3.8 Eiríkur Rögnvaldsson 1990 (hér eftir ER)

Eiríkur (1990:76–91) fjallar um beygingar- og orðasafnsreglur sem eru notaðar við myndun beygingarmynda. Við myndun á eignarfalli eintölu í sterkum karlkynsorðum er notuð beygingarregla sem setur *-s* á orð. Eiríkur gerir ráð fyrir að endingin *-s* sé sú ómarkaða gagnvart eignarfallsendingunni *-ar* sem þýðir að *-s* er miklu algengari. Hann nefnir að (1990:83) „það [sé] (...) töluverð fylgni milli *-ar* í eignarfalli og *-ir* í nefnifalli fleirtölu, þótt

út af því bregði oft“. Það má segja að orð af ákveðinni stofngerð fremur hafi *-ar* eignarfallsendingu en önnur t.d.:

(7) – orð eins og *vinur*, *litur* sem hafa á eftir óþöndu sérhljóði, þ.e. *i/y*, eitt samhljóð í stofni.

– orð með *-ö-* í stofni. Dæmi: *köttur*, *fjörður*.

– orð með *-átt-* í stofni. Dæmi: *máttur*, *þáttur*.

Eiríkur segir einnig að í sterkum karlkynsorðum virðist *-s* yfirgnæfandi eignarfallsendingin, sérstaklega þegar talað er um ný orð sem bætast við. Hann bendir á tilhneigingu margra orða sem hafa *-ar* í ef.et. til að taka nú *-s* í eignarfalli. Dæmi um slík orð: *grunur*, *tugur*, *trúður*, *lækur*. Hann fjallar ekki frekar um tvímyndir í eignarfalli og tíðni þeirra.

### 3.9 Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir 1998 (hér eftir *ÁS* og *MJ*)

Í bók Ástu og Margrétar (1998:122) segir svo um endingu í ef.et.:

Mörg orð sem enda á *-ur* í nefnifalli eintölu og fá í fleirtölu endinguna *-ir* hafa jafnframt aðra endingu í eignarfalli eintölu en hið venjulega *-s*. Þannig fá öll orð sem bæði hafa endinguna *-ir* í fleirtölu og sérhljóðavíxl í stofni, þ.e. B-víxl, endinguna *-ar* í eignarfalli og einnig sum þeirra sem aðeins hafa fleirtöluendinguna *-ir* en engin víxl.

Orðadæmi sem þær nefna hafa *-ar* í ef.et. og þau eru: *fundur*, *lækur*, *sonur*, *þáttur*. Í bók þeirra er ekki fjallað nánar um karlkynsnafnorð sem geta haft tvímyndir í eignarfallsendingu.

### 3.10 Samanburður

Efni úr málfræðibókum um eignarfallsendingu karlkynsorða var borið saman samkvæmt algengustu skiptingu beygingarflokkanna (sbr.(1)). Í fyrstu þremur flokkunum koma fram upplýsingar um frávik frá almennu endingunni og tvímyndir. Þær upplýsingar eru viðfangsefni ritgerðarinnar og aðeins er farið yfir þessa flokka ítarlega. Karlkynsorð sem hafa óreglulega beygingu eru í fjórða flokki og um hann er ekki talað neitt frekar. Skipting (sbr.(1)) var notuð mest hjá höfundum (sbr. Valtý Guðmundsson, Stefán Einarsson, Jón G. Friðjónsson) og virðist vera nógu góð til að sýna dreifingu eignarfallsendinganna. Bruno Kress notar hefðbundna skiptingu þar sem flokkað er eftir endingu í þolfalli fleirtölu, þ.e. *a*-stofnar, *i*-stofnar, *u*-stofnar. Á þeim flokkum er algengasta skiptingin byggð. *A*-stofni tilheyra orð frá fyrsta beygingarflokki sem hafa *-s* eignarfallsendingu og *-ar* í nefnifalli fleirtölu, *i*-stofni tilheyra annar flokkur og hluti þriðja flokksins þar sem eignarfallsendingar

geta verið *-ar* eða *-s*, og *-ir* í nf.ft. *U*-stofni tilheyra orð með *-ar* í ef.et og *-ir* í nf.ft. sem eru einnig hluti af þriðja beygingarflokki en einkennast flest af sérhljóðavíxlum í stofni.

Fyrst og fremst þarf að nefna tengsl milli eignarfalls eintölu og nefnifalls fleirtölu þar sem töluverð fylgni er milli *-s* í ef.et. og *-ar* í nf.ft. og *-ar* í ef.et. og *-ir* í nf.ft. Á þetta atriði er bent sérstaklega í kennslubókum fyrir íslenska nemendur (sbr. KÁ, ER) en varla er sagt neitt um tvímyndir jafnvel ekki nefnt að slík orð séu til. Í mállýsingum (sbr. mynd 1) eru hins vegar talin upp 125 dæmi sem geta haft tvímyndir eða frábrugðna eignarfallsendingu. Kennslubækur eru yfirleitt aðlagðar þörfum kennslunnar og í þeim er efni sem nýtist mest í ákveðnum námskeiðum en í mállýsingum er tungumálinu lýst nákvæmlega sem þýðir að þær bækur hafa fleiri upplýsingar um óregluleika og undantekningar frá almennum reglum. Þegar borin eru saman rit sem voru gefið út á níunda áratugnum, er hægt að segja að mállýsingar eftir erlenda fræðimenn hafi fleiri upplýsingar um eignarfallseintölu og dreifingu endinganna heldur en kennslubækur eftir Íslendinga. Í mállýsingum (sbr. BK, CDT) er yfirleitt lýst stofngerð og eru oft gefin mörg orðadæmi með tvímyndir. Í kennslubókum eftir íslenska höfunda (sbr. KÁ, JF) er ekki neitt sagt um tvímyndir, aðeins lýst lauslega almennum reglum sem eiga við eignarfallsendingu karlkynsorða. Þær bækur sem eru ætlaðar erlendum nemendum hafa mun betri lýsingu um frávik frá hinni almennu eignarfallsendingu en bækur ætlaðar íslenskum nemendum. Aðeins í kennslubók ÁS og MJ sem er einnig ætluð erlendum nemendum er ekki minnst á tvímyndir og frávik en sú bók er ætluð fyrir grunnnámskeið í íslenskri málfræði og eru þar fyrst og fremst reglulegum og algengum reglum lýst.

Í töflum 1–3 eru upplýsingar um orðadæmi og eignarfallsendingu sem komu fram í undirköflum 3.2 – 3.9 teknar saman.

Tafla 1. sýnir niðurstöður úr fyrsta beygingarflokki (sbr.(1)).

Tafla 1.

<b>1. flokkur:</b> <i>-s</i> ef.et.; <i>-ar</i> nf.ft.			
Einstök orð	<i>tvímyndir</i>	<i>-ar</i>	<i>-s</i>
bógur	CDT		
fiskur (j–innskot)	VG		CDT
grautur	VG, BK	SE, JF	
hrollur	CDT		
kraftur	VG		
matur		JF, CDT	
niður (j–innskot)	VG, BK, CDT		
óður	CDT		

ráðunautur		JF	
sjór	VG, SE, BK, JF, CDT		
skógur	VG, SE	BK, JF, CDT	
snjór	SE, BK		
snúður	CDT		
veigur	CDT		
vindur	VG, CDT	BK	
þröskuldur	VG	BK, JF	CDT
–und–			
höfundur	VG	SE, BK, JF, CDT	
vísundur	VG, CDT		
völundur	VG		CDT
–arð–			
bastarður	VG		
lávarður	VG, BK		CDT
mustarður	VG		
Tvíkvæð endingarlaus orð með brottfall sérhljóðsins úr stofni			
blástur	VG, BK		
gróður	VG, BK, CDT		
hlátur	CDT		
hróður	VG, CDT		
lestur	VG, BK, JF, CDT		
rakstur	VG, BK, CDT		
rekstur	VG, JF, CDT		
róður	VG, BK, JF, CDT		

Fyrsti beygingarflokkur (–s, –ar) er fjölmennastur. Eiríkur Rögnvaldsson (1990:87) skilgreinir þessar endingar sem ómarkaðar. Það gefur til kynna að sá flokkur er opinn og við hann bætast flest ný karlkynsorð. Þrátt fyrir þetta hefur hópur orðanna í þessum flokki –ar eignarfallsendingu eða ýmist –s og –ar. Í málfræðibókum eru nefnd 30 slík orð (sbr. töflu 1). 20 þeirra er sögð hafa tvímyndir. Fjögur orð *grautur*, *skógur*, *vindur* og *höfundur* eru ýmist sögð geta haft tvímyndir eða aðeins endinguna –ar. JF nefnir orðin *matur* og *ráðunautur* sem hafa eignarfallsendinguna –ar og heyra til fyrsta flokksins. Á þessi orð minnst enginn höfundanna neitt frekar. Þrjú orð *fiskur*, *völundur*, *lávarður* eru sögð geta fengið tvímyndir eða aðeins –s í endingu. Orðið *þröskuldur* er nefnt sem orð með tvímyndir, aðeins með endingu –ar, og aðeins með –s í eignarfallsendingu. Í þessu tilviki er erfitt að meta hvaða endingu orðið fær helst.



Tafla 2. sýnir niðurstöður á eignarfallsendingu úr öðrum beygingarflokki (sbr.(1)).

Tafla 2.

<b>2. flokkur:</b> <i>-s</i> ef.et.; <i>-ir</i> nf.ft. (virk <i>-j</i> -innskot regla)			
Orð með stofn sem endar á <i>-g</i> eða <i>-k</i>	<i>tvímyndir</i>	<i>-j-ar</i>	<i>-s</i>
bekkur	VG, BK, CDT	JF	
belgur	VG		CDT
drengur	VG		JF, CDT
drukkur	VG		CDT
drykkur	VG	JF, CDT	
elgur	VG, CDT		
eykur	VG	CDT	
fengur	VG, BK, CDT		
flekkur	VG, BK, CDT		
grikkur	VG		CDT
hlekkur	VG, BK, CDT		
hlykkur	VG		CDT
hnykkur	VG		CDT
hrekkur	VG		CDT
hringur	VG		JF, CDT
hryggur	VG	CDT	
kekkur	VG		CDT
kengur	VG		CDT
kveikur	VG		CDT
kækur	VG		CDT
leggur	VG	CDT	
leikur	VG	CDT	JF
lækur	VG, ER	JF, ÁS og MJ	CDT
mergur	VG	CDT	
reykur	VG, BK	CDT	
rígur	VG		
rykkur	VG	CDT	
seggur	VG		CDT
sekkur	VG	CDT	
skelkur	VG		CDT
skrykkur	VG		CDT
skrækur	VG		CDT
skykkur	VG		CDT
slægur	VG		
sprengur	VG		CDT
steggur	VG		CDT
stekkur	VG, BK, CDT		

stingur	VG		JF, CDT
strengur	VG, BK, CDT		
stuggur	VG		
styrkur	VG		CDT
svelgur	VG		CDT
sægur	VG		CDT
uggur	VG		
veggur	VG, BK, CDT	JF	
verkur	VG, BK	CDT	
vængur	VG, BK, CDT		JF
þrekkur	VG		
þvengur	VG, BK, CDT		
Orð þar sem stofn endar á sérhljóðin <i>-æ, -ey, -ý</i>			
bær	VG	SE, JF, CDT	
blær	VG, BK, CDT		JF
glær	VG		CDT
gnýr	VG, BK, CDT		
þeyr	VG		CDT
Einkvæð endingarlaus orð			
byr	VG, BK	CDT	
her	VG, BK		JF, CDT
styr	VG	CDT	
ys	VG		
þys	VG		
Önnur orð			
beður	VG, BK, CDT		
bylur	VG, BK, CDT	JF	
dynur	VG		CDT
glymur	VG		
hlymur	VG		
hlynur	VG		
hylur	BK, CDT	JF	
vefur	VG,	JF, CDT	
rifur	VG, BK, CDT		
ylur	VG, BK, CDT		
þefur	VG, BK, CDT		
þytur	VG		CDT

Í öðrum flokki (*-s, -ir*) eru talin upp 71 orð (sbr. töflu 2.). VG nefnir 70 orð sem hafa tvímyndir. Öll orð í þessum hópi hafa virka *-j*-innskot reglu. Flest orðanna, 49, eru með stofn sem endar á *-g* eða *-k*. Fimm orð hafa stofn sem endar á sérhljóðunum *-æ, -ey, -ý* og önnur fimm orð hafa einkvæðan endingarlausan stofn í nf.et. Við samanburð á athuguðum ritum

kom í ljós að 22 orð eru sögð hafa tvímyndir, 30 orð eru sögð hafa tvímyndir eða aðeins *-s* í endingu og 17 orð eru sögð hafa tvímyndir eða aðeins *-ar* endingu. Tvö orð *leikur* og *lækur* er erfitt að meta hvaða endingu þau fá helst. Þar kemur til greina tvímyndir og ýmist endingin *-s* eða *-ar*.

Tafla 3. sýnir niðurstöður úr þriðja beygingarflokki eins og þær komu fram í málfræðibókum (sbr.(1)).

Tafla 3.

<b>3. flokkur:</b> <i>-ar</i> ef.et.; <i>-ir</i> nf.ft.			
Einstök orð	<i>tvímyndir</i>	<i>-ar</i>	<i>-s</i>
ás	VG		CDT
bragur (2.fl. hjá VG)	VG		
grunur	ER	CDT	JF
hvinur	BK	CDT	
kjölur	VG		
kviður	BK	CDT	
kökkur	VG, CDT		
liður	BK, CDT		
limur	VG, CDT		
meiður	BK	CDT	
mökkur	BK		
reitur	BK		CDT
salur (2.fl. hjá VG)	VG		
sauður	VG, BK	CDT	
siður	VG, CDT		
skutur	VG, BK, CDT		
spónn	VG, BK		CDT
trúður	ER	CDT	
tugur	CDT, ER		
vaður	CDT		
vegur		JF, CDT	
Orð með viðskeyti <i>-að-</i> , <i>-uð-</i>			
unaður	VG, BK		
fagnaður	BK		
frömuður	BK		

Í þriðja flokki (*-ar*, *-ir*) voru nefnd 24 orð í athuguðum ritum (sbr. töflu 3.). Af þeim eru 14 sem geta haft tvímyndir. Fimm orð eru sögð hafa tvímyndir eða aðeins *-ar* endingu. Eitt orð, *vegur*, var talið geta haft *-ar* endingu. CDT nefnir orðin *ás*, *reitur* og *spónn* með *-s*

endingu í eignarfalli en VG og BK telja þau til orðanna með tvímyndir. Eitt orð *grunur* er sagt hafa mismunandi eignarfallsendingu eftir höfundum: CDT nefnir *-ar* endingu, JF *-s* endingu og ER segir að orðið fái tvímyndir. Bruno Kress nefnir 3 orð með viðskeyti *-að-*, *-uð-* í stofni sem geta haft tvímyndir en þau voru ekki nefnd í öðrum ritum utan orðsins *unaður* sem VG nefnir.

Í fyrsta flokki sést að mörg orðanna sem VG segir hafi tvímyndir eru sögð í öðrum ritum aðeins hafa *-ar* eignarfallsendingu. Þetta á þó ekki við tvíkvæð endingarlausorð þar sem allir eru sammála um tvímyndir þeirra í ef.et. Í öðrum flokki virðast orð með *-j-*innskot sækja mjög á *-s* eignarfallsendingu, a.m.k. eru mörg orðanna sem VG segir hafa tvímyndir sögð hafa aðeins *-s* endingu hjá CDT. Með samanburði upplýsinga úr ritum VG og CDT má segja svipað um þriðja flokk. Mjög mörg orð sem VG segir fá tvímyndir, hafa hjá CDT ýmist aðeins *-s* eða aðeins *-ar* endingu.

Af 125 orðum sem voru nefnd hafa tvímyndir eru talin 102 hjá VG. Bók VG er sú elsta sem var valin til samanburðar en nokkrir höfundar hafa stuðst við rit hans þannig að erfitt er að meta hvort breytingin á eignarfallsendingu sem virðist hafa átt sér stað frá þeim tíma er raunveruleg. Í yngri ritum sést sérstaklega að mörg orðanna sem VG segir hafa tvímyndir hafa tilhneigingu til að vera aðeins með endinguna *-ar* í fyrsta og þriðja flokki og aðeins *-s* eða *-ar* í öðrum flokki.

## 4. Tíðnikönnun á eignarfalli eintölu valdra karlkynsorða

### 4.1 Um könnunina

Tilgangur þessarar könnunar er að athuga dreifingu beygingarendinganna *–s* og *–ar* í eignarfalli eintölu og tíðni þeirra. Af 125 orðum sem niðurstaða athugunar leiddi í ljós að geta haft tvímyndir (122 orð) eða hafa frábrugðna endingu frá almennri eignarfallsendingu (3 orð) (sbr. þriðja kafla), voru valin 37 orð samkvæmt *Íslenskri orðtíðnibók*. Í því riti eru birtar niðurstöður rannsókna á tíðni orða í íslensku þar sem textar af ýmsu tagi voru lagðir til grundvallar. Af þeim orðum sem eru birt í *Íslenskri orðtíðnibók* fundust aðeins 37 af þeim 125 orðum sem leitað var að. Til athugunar var bætt við orðinu *vefur* sem hefur fengið nýja merkingu „heimasíða“ eftir útkomu bókarinnar árið 1991.

Tíðnikönnun var gerð á eignarfalli einölu 38 karlkynsorða á nokkrum íslenskum vefsvæðum: *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls (BÍN)*, *Tímarit.is*, *Textasafni Orðabókar Háskólans*. Auk þess var leitað á netinu með *google.is*. Á vefsíðunum: *Tímarit.is*, *Textasafni Orðabókar Háskólans* sem og á vefskoðaranum *google.is* voru gerðar tölulegar athuganir fyrir báðar beygingarmyndirnar *–s* og *–ar*, með og án greinis. Tekið var tillit til ákveðins greinis til að niðurstöður leitunar væru fjölbreytilegri og dreifing eignarfallsendingar sjáanlegri.

Fyrst voru endingar skoðaðar á vefsíðu BÍN sem birtir beygingar flestra fallorða og sagnorða íslensks nútímamáls og er lýsingin „byggð á tiltækum heimildum um beygingakerfið og rannsóknum á einstökum orðum í gagnasöfnum Orðabókarinnar og víðar“ (sbr. [http://BÍN.arnastofnun.is/um\\_BÍN.php](http://BÍN.arnastofnun.is/um_BÍN.php)). Vefsvæðið *Tímarit.is* er bókasafn á netinu þar sem blöð og tímarit frá sautjándu öld og fram til dagsins í dag eru geymd. Í því er mikið efni af ýmsum sviðum vísinda og einnig almennt fréttæfni og auglýsingar. *Textasafn Orðabókar Háskólans* geymir efni af ýmsum toga: Ritverk frá 16–18 öld, skáldrit frá 1850–1920, Biblíuna, Tímarit hins íslenska bókmenntafélags frá 1880, þjóðsögur og lög og reglugerðir. *Textasafnið* geymir einnig nútímatexta: Hluta af textum Morgunblaðsins kringum árið 2000, talmálstexta sem hefur verið tölvuskráður, texta úr vefpistlum og vefdagbókum (blogg) og loks tölvupóst. Algengasti vefskoðarinn, *google.is*, var notaður til leitar á netinu. Vefskoðarar hafa þróast mest á 21. öld þannig að með þeim má finna algengustu beygingarmyndir í talmáli og ritmáli í nútímaíslensku. Síðan voru valin orð skoðuð í *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* og athugað hvernig eignarfallið kemur fram í þeim sem fyrri lið samsettra orða.

## 4.2 Niðurstöður

Í þremur töflum eru sýndar athugunar á tvímyndum *-s* og *-ar* í eignarfalli eintölu. Í dálki 1 eru athuguð orð. Í dálki 2 eru sýndar tvímyndir ef.et. samkvæmt niðurstöðum athugunar á upplýsingum í málfræðibókum (sbr. þriðja kafla), með og án greinis. Í dálki 3 eru beygingarmyndir eins og þær birtast í BÍN. Röðin í BÍN er þannig sýnd að ákjósanlegasta myndin sé á undan víkjandi mynd. Til að hafa samræmi milli dálks 2 og 3 eru notaðar raðtölur 1 og 2 til að sýna röð orða eins og hún er í BÍN. Í dálkum 4, 5, 6, eru síðan tölulegar upplýsingar um tíðni orðanna sýndar. Í síðasta dálki er sýnt hvaða afbrigði eignarfallsendingar eru notuð í samsettum orðum samkvæmt *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun*.

Við athugun orðanna úr fyrsta flokknum komu upp nokkur vandamál sem gera aðgreiningu beygingarmyndanna flóknari. Það sem einkennir þennan flokk er *-s* beygingarendingin í eignarfalli eintölu og *-ar* í nefnifalli fleirtölu. Markmið þessarar ritgerðar er athugun á tvímyndum í eignarfalli eintölu og við það er hin endingin *-ar*, sem kemur einnig oft fram á orðum í þeim flokki, einnig skoðuð. Tölulegar upplýsingar verða þá ekki nákvæmar, þar sem endingar í eignarfalli og nefnifalli fleirtölu eru eins. Sú niðurstaða er merkt í töflu 4 með orðinu *ómark* (fyrir ómarktækt), þar sem er ekki hægt að greina eignarfallsmyndina frá fleirtölumyndinni. Orðið *ómark* kemur einnig þar sem beygingarmynd annars orðs fellur saman við niðurstöður leitaðs orðs, þ.e. beygingarmyndin *fiskjar* af orðinu *fiskur* þar sem kvenkynsorðið *fiski* hefur sömu mynd í eignarfalli eintölu; beygingarmyndin *snjóar* af orðinu *snjór* þar sem sagnorðið *snjóa* hefur formið *snjóar* í nútíð eintölu og orðið *matur* þar sem hvorugkynsorðið *mat* hefur sömu myndina, *mats*, í eignarfalli. Eitt orð *matur* er ótækt vegna fleirtölunnar *-ar* og orðsins *mat* sem gerir allar leitarniðurstöður ótækar. Beygingarmynd *matar* kemur í BÍN sem eignarfallsmynd og einnig í fleirtölu mynd en athugun á niðurstöðum á netinu leiddi í ljós að fleirtölu mynd kemur mjög sjaldan upp á öllum leitarsviðum.

Til aðgreiningar eignarfalls eintölu frá öðrum beygingarmyndum voru skoðaðar eignarfallsmyndir með ákveðnum greini og þá falla þessi vandamál sem nefnd voru áður úr sögunni.

Í töflu 4 eru sýndar tölulegar niðurstöður athugunar á eignarfalli eintölu á 14 orðum úr fyrsta beygingarflokki (sbr.(1)).

Tafla 4.

<b>1. flokkur:</b> <i>-s ef.et.; -ar nf.ft.</i>						
1	2	3	4	5	6	7
	<i>ef.et.</i>	<i>BÍN</i>	<i>Tímarit.is</i>	<i>Textasafn OH</i>	<i>google.is</i>	<i>SOUÍM</i>
fiskur	<i>-s/-sins</i>	fisks	6669/3656	49/37	10400/10700	0
	<i>-j-ar/-jarins</i>		ómark/996	ómark / 1	ómark/283	0
hrollur	<i>-s/-sins</i>	hrolls	76/24	2/0	496/188	0
	<i>-ar/-arins</i>		0/0	0/0	14/1	0
kraftur	<i>-s/-sins</i>	1.krafts	851/204	13/4	9530/2120	0
	<i>-ar/-arins</i>	2.kraftar	ómark/74	ómark/2	ómark/2210	0
matur	<i>-s/-sins</i>		ómark	ómark	ómark	0
	<i>-ar/-arins</i>	matar	ómark/1080	ómark/17	ómark/9220	99
sjór	<i>-s/-sins</i>	2.sjós	12241/17	33/3	39000/214	0
	<i>-ar/-arins</i>	1.sjóar	ómark/55	ómark/1	ómark/9	7
skógur	<i>-s/-sins</i>		97/6	1/0	203/7	0
	<i>-ar/-arins</i>	skógar	ómark/2170	ómark/41	ómark/55300	108
snjór	<i>-s/-sins</i>	1.snjós	130/59	0/0	2230/1640	0
	<i>-ar/-arins</i>	2.snjóar	ómark/10	ómark/0	ómark/55	0
vindur	<i>-s/-sins</i>	vinds	827/757	11/13	4970/32200	0
	<i>-ar/-arins</i>		ómark/67	ómark/4	ómark/100	0
þröskuldur	<i>-s/-sins</i>	1.þröskulds	20/5	0/0	106/58	0
	<i>-ar/-arins</i>	2.þröskuldar	ómark/3	4/0	ómark/10	0
höfundur	<i>-s/-sins</i>		32/17	1/0	568/275	0
	<i>-ar/-arins</i>	höfundar	ómark/10227	ómark/41	ómark/11400	9
Tvíkvæð endingarlaus orð með brottfall sérhljóðs úr stofni						
gróður	<i>-s/-sins</i>	gróðurs	2628/1570	17/1	8910/836	0
	<i>-ar/-arins</i>		1403/12	3/0	381/1	20
hlátur	<i>-s/-sins</i>	1.hláturs	983/159	4/2	4810/377	8
	<i>-ar/-arins</i>	2.hlátrar	ómark/0	0/0	ómark/ 0	0
lestur	<i>-s/-sins</i>	2.lesturs	2326/169	10/3	6980/1240	0
	<i>-ar/-arins</i>	1.lestrar	ómark/83	ómark/0	ómark/227	38
rekstur	<i>-s/-sins</i>	2.reksturs	11640/1550	123/7	57900/5930	2
	<i>-ar/-arins</i>	1.rekstrar	ómark/1508	ómark/13	ómark/6500	42

Niðurstöður sýna að algengasta endingin í 6 orðum: *fiskur*, *hrollur*, *snjór*, *vindur*, *þröskuldur* og *hlátur* er eignarfallsendingin *-s*. Af þeim hópi eru orðin *snjór*, *þröskuldur* og *hlátur* nefnd í BÍN með tvímyndir þar sem endingin *-s* er ákjósanlegast. Orðið *sjór* hefur *-s* sem algengasta endingu en á *Tímarit.is* er beygingarmynd *sjóar* með greini miklu algengari en mynd *sjósins*. Orðið *gróður* hefur eignarfallsendingu *-s* samkvæmt BÍN og algengasta endingin á öðrum leitarsviðum er líka *-s* en endingin *-ar* kemur einnig til greina, sérstaklega í samsettum orðum (20 samkvæmt *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun*). Beygingarmyndin *gróðrar* án greinis er einnig algeng á vefsvæði *Tímarit.is*. Endingin *-ar* er algengust í 2 orðum: *skógur* og *höfundur* sem er eins og í BÍN. Þrjú orð *kraftur*, *lestur* og *rekstur* hafa tvímyndir í BÍN og niðurstöður athugunar leiddu sama í ljós. Orðið *rekstur* er mikið notað í báðum eignarfallsmyndum. Beygingarmynd með *-ar* virðist vera algengari í orðinu *lestur* en í ákveðinni mynd er endingin *-s* algengari.

Í töflu 5 eru tölulegar niðurstöður athugunar á eignarfalli eintölu í öðrum beygingarflokki (sbr.(1)) sýndar. Í þeim flokki eru niðurstöður merktar *ómark* í orðinu *verkur* þar sem hvorugkynsorðin *verk* hefur sömu myndina í eignarfalli eintölu, og orðinu *her* þar sem sagnorðið *herja* hefur myndina *herjar* í 2. og 3. persónu í nútíð eintölu.

Tafla 5.

2. flokkur: <i>-s</i> ef.et.; <i>-ir</i> nf.ft. (virk j-innskot regla)						
1	2	3	4	5	6	7
	<i>ef.et.</i>	BÍN	<i>Tímarit.is</i>	<i>Textasafn OH</i>	<i>google.is</i>	SOUÍM
bekkur	<i>-s/-sins</i>	2.bekks	178/78	3/2	1450/762	0
	<i>-j-ar / -jarins</i>	1.bekkjar	7025/660	48/13	277000/42900	14
drengur	<i>-s/-sins</i>	drengs	10042/8912	26/66	25900/23100	0
	<i>-j-ar / -jarins</i>		4/0	0/0	3/1	0
hringur	<i>-s/-sins</i>	hrings	4015/18037	77/70	8740/20000	0
	<i>-j-ar / -jarins</i>		4/0	0/0	7/1	0
hryggur	<i>-s/-sins</i>		80/54	4/3	134/111	0
	<i>-j-ar / -jarins</i>	hryggjar	502/114	7/1	1300/477	4
leggur	<i>-s/-sins</i>	2.leggs	307/58	8/0	533/119	0
	<i>-j-ar / -jarins</i>	1.leggjar	76/1	2/0	233/16	1
leikur	<i>-s/-sins</i>	leiks	44567/37744	115/148	270000/202000	1
	<i>-j-ar / -jarins</i>		40/26	0/0	875/336	0
lækur	<i>-s/-sins</i>		49/63	0/1	411/160	0
	<i>-j-ar / -jarins</i>	lækjar	7647/399	10/8	3520/754	28



reykur	–s/–sins	2.reyks	1497/328	14/2	4780/1080	0
	–j–ar / –jarins	1.reykjar	1594/30	2/2	638/18	31
strengur	–s/–sins	1.strengs	613/254	13/14	1810/600	0
	–j–ar / –jarins	2.strengjar	2/0	6/0	131/8	0
styrkur	–s/–sins	styrks	9454/1179	95/6	13900/1250	0
	–j–ar / –jarins		56/5	3/0	219/4	0
veggur	–s/–sins	2.veggs	120/136	2/2	391/460	0
	–j–ar / –jarins	1.veggjar	858/268	27/4	2030/476	7
verkur	–s/–sins		ómark	ómark	ómark	0
	–j–ar / –jarins	verkjjar	519/28	23/1	9790/70	1
vængur	–s/–sins	1.vængs	132/135	2/4	408/ 468	0
	–j–ar / –jarins	2.vængjar	20/6	0/0	47/6	0
vefur	–s/–sins		300/444	3/91	56600/456000	0
	–j–ar / –jarins	vefjar	442/530	3/13	2530/19700	20
bær	–s/–sins		894/2	1/0	6540/44	0
	–j–ar / –jarins	bæjar	96085/99245	199/168	69600/601000	102
her	–s/–sins	Hers	21268/36045	54/156	19200/68900	1
	–j–ar / –jarins		ómark/1	ómark/0	ómark/8	0

Í töflu 5 má sjá að eignarfallsendingin –s er miklu algengari en –ar í orðunum: *drengur*, *hringur*, *leikur*, *strengur*, *styrkur*, *vængur*, *her*<sup>1</sup>. Í BÍN eru orðin *strengur* og *vængur* nefnd hafa tvímyndir og fyrst í röðinni er eignarfallsendingin –s. Orðin *bekkur*, *leggur*, *reykur*, *veggur* hafa tvímyndir í BÍN og endingin –ar er sögð ákjósanlegust. Samkvæmt niðurstöðum leitarinnar er endingin –ar algengari í orðunum *bekkur* og *veggur* en á *google.is* eru báðar beygingarmyndir orðsins *veggur* jafn tíðar í ákveðinni mynd. Fyrir orðin *leggur* og *reykur* er –s endingin algengari á öllum leitar sviðum nema á *Tímarit.is* þar sem beygingarmyndin *reykjar* er algengust. Í BÍN eru orðin *hryggur*, *lækur*, *vefur* sýnd aðeins með eignarfallsendingu –ar en þau orð fá einnig –s eignarfallsendingu samkvæmt niðurstöðum athugunar. Þessi orð mynda hins vegar samsett orð með eignarfallsmyndina –ar. Orðið *bær* hefur –ar sem algengustu endinguna á öllum leitar sviðum.

Í töflu 5 eru gefin 16 orð þar sem eitt orð *verkur* er ómarktækt. Í þessum hópi orða sést sterk tilhneiging til að fá –s eignarfallsendingu þar sem –s er ríkjandi í 9 orðum *drengur*, *hringur*, *leggur*, *leikur*, *reykur*, *strengur*, *styrkur*, *vængur*, *her*. Fimm orð, *drengur*, *hringur*, *leikur*, *styrkur*, *her*, hafa –s endingu í BÍN og einnig á öllum leitar sviðum. Fjögur orð, *leggur*, *reykur*, *strengur*, *vængur*, hafa tvímyndir í BÍN. Í tveimur orðum, *strengur* og *vængur*, þar

<sup>1</sup> Við athugun á orðinu *her* var aðeins tekið tillit til ákveðinnar myndar.

sem endingin *-ar* er víkjandi í BÍN dettur sú beygingarmynd úr notkun á öðrum leitarviðum en í hinum tveimur, *leggur*, *reykur*, þar sem endingin *-s* er víkjandi sést breyting á öðrum leitarviðum þannig að endingin *-s* er algengari en *-ar*. Niðurstöður athugunar á þremur orðum, *bekkur*, *bær*, *veggur*, komu eins upp á öllum leitarviðum en í einu orði *veggur* sést hugsanleg tilhneiging í nútímamáli til að hafa *-s* endingu til jafns við *-ar* endingu, a.m.k. í ákveðinni mynd. Samkvæmt niðurstöðum athugunar má álykta að þrjú orð, *hryggur*, *lækur*, *vefur*, fái í nútímamáli tvímyndir þar sem áður fyrr var aðeins endingin *-ar* notuð. Á vefsvæðinu *Tímarit.is* má sjá að notkun beygingarmyndar með *-s* eignarfallsendingu í orðunum *hryggur* og *lækur* hefur aukist á síðustu 30 árum. Sama má segja með orðið *vefur* síðustu 20 ár; þar hefur notkun *-s* eignarfallsendingar færst verulega í vöxt. Orðið *vefur* er mjög algengt í nútímamáli og tengist tölvunarfræði og eignarfallsmynd með *-s* er hugsanlega notuð til aðgreiningar frá annarri merkingu orðsins. Áhugavert er að á vefsvæði *Tímarit.is* er beygingarmyndin *vefjar*, án greinis og með, algengari en beygingarmyndin *vefs*, án greinis eða með. Á *google.is* hins vegar þar sem er mikið af dæmum úr bloggi og öðru ámóta efni, er beygingarmyndin *vefs*, án greinis og með, ríkjandi.

Í þriðja flokki geta komið rangar niðurstöður við athugun á eignarfalli eintölu í orðum: *grunur* þar sem sagnorð *gruna* hefur beygingarmyndina *grunar* í nútíð eintölu; orðið *siður* sem hefur *-ar* eignarfall eintölu og sagnorðið *siða* hefur sömu myndina *siðar* í nútíð eintölu. Myndirnar *liðs* og *liðsins* myndast af orðinu *liður* í eignarfalli eintölu en einnig af hvorugkynsorðinu *lið* og þá eru niðurstöður ótækar. Í niðurstöðum á beygingarmyndinni *vegar* af orðinu *vegur* teljast föst orðasambönd eins og *hins vegar*, *annars vegar* og *víðs vegar* sem skekkir niðurstöður.

Í töflu 6 eru sýndar tölulegar niðurstöður athugunar á eignarfalli eintölu á 8 orðum úr þriðja beygingarflokki (sbr.(1)).

Tafla 6.

3. flokkur: <i>-ar</i> ef.et.; <i>-ir</i> nf.ft.						
1	2	3	4	5	6	7
	<i>ef.et.</i>	<i>BÍN</i>	<i>Tímarit.is</i>	<i>Textasafn OH</i>	<i>google.is</i>	<i>SOUIM</i>
grunur	<i>-ar /-arins</i>		ómark/4	ómark/0	ómark/0	0
	<i>-s/-sins</i>	gruns	3648/125	34/1	83500/557	0
kökkur	<i>-ar /-arins</i>	kakkar	27/4	0/0	355/2	0
	<i>-s/-sins</i>		5/4	1/0	21/3	0

liður	–ar /–arins	1.liðar	4959/54	180/0	42400/674	0
	–s/–sins	2.liðs	ómark	ómark	ómark	0
reitur	–ar /–arins		54/5	0/0	160/5	0
	–s/–sins	reits	349/292	0/5	1850/1070	0
salur	–ar /–arins	salár	3748/2086	21/32	5060/7630	1
	–s/–sins		765/555	4/0	130/85	0
siður	–ar/–arins	1.siðar	ómark/20	ómark/2	ómark/140	0
	–s/–sins	2.siðs	1765/3	15/0	10600/7	0
tugur	–ar /–arins	tugar	900/1359	9/0	704/123	0
	–s/–sins		1457/168	1/0	4690/35	0
vegur	–ar /–arins	1.vegar	ómark/4815	ómark /58	ómark/24600	29
	–s/–sins	2.vegs	8506/3105	39/1	129000/195	3

Niðurstöður í töflu 6 sýna að eignarfallsendingin –s er algengust í 3 orðum: *grunur*<sup>2</sup>, *reitur* og *tugur*. Orðið *tugur* er nefnt aðeins með endinguna –ar í BÍN. Notkun eignarfallsendingar –s hefur fjölgað mest á síðustu 70 árum samkvæmt niðurstöðum sem komu fram á *Tímarit.is*. Notkun orðsins með ákveðnum greini og eignarfallsendingu –ar er algengari en notkun hinnar beygingarmyndarinnar með greini á vefsvæði *Tímarit.is* og í *google.is*. Ef skoðaðar eru niðurstöður beygingarmyndar *tugs* án greinis þá kemur í ljós að sú beygingarmynd er algengari en með endingunni –ar á þeim leitarsviðum. Endingin –ar er algengari í orðinu *kökkur*. Orðið *siður* er nefnt með tvímyndir í BÍN og endingin –ar virðist vera algengari á öðrum leitarsviðum ef skoðað er beygingarmynd með greini. Af orðinu *salur* er *salár* algengust beygingarmynd í eignarfalli en á vefsvæði *Tímarit.is* eru gefin upp fjölmörg orðadæmi með –s eignarfallsendingu og þar má sjá að notkun beygingarmyndarinnar *sals* hefur aukist fyrst á árunum 1890–1909, síðan hefur dregið úr þeirri notkun í nokkra áratugi og aukist aftur á árunum 1980–1999. Orðið *vegur* kemur fram með tvímyndir í BÍN þar sem endingin –ar er fremst í röðinni. Á vefsvæði *Tímarit.is* virðist vera eignarfallsmynd *vegsins* jafn algeng og hin myndin með ákveðnum greini en öfugt á *google.is* þar sem sú beygingarmynd kemur upp í örfáum dæmum. Notkun beygingarmyndarinnar *vegsins* fjölgar jafnt og þétt frá árinu 1930 samkvæmt *Tímariti.is*

Tafla 7 sýnir algengustu eignarfallsendingar fyrir karlkynsorð í hverjum flokki samkvæmt tölulegum niðurstöðum sem sýndar eru í töflum 4–6. Í dálki 2 eru endingar eins

<sup>2</sup> Við athugun á orðinu *grunur* var aðeins tekið tillit til ákveðinnar myndar.

og þær eru tilgreindar í BÍN en í dálki 3 eru dregnar saman niðurstöður athugunarinnar samkvæmt minni túlkun.

Tafla 7.

1. flokkur			2. flokkur			3. flokkur		
1	2	3	1	2	3	1	2	3
	BÍN	könnun		BÍN	könnun		BÍN	könnun
fiskur	fisks	-s	bekkur	2.bekks	2.-s	grunur	gruns	-s
				1.bekkjjar	1.-j-ar			
hrollur	hrolls	-s	drengur	drengs	-s	kökkur	kakkar	-ar
kraftur	1.krafts	1.-s	hringur	hrings	-s	reitur	reits	-s
	2.kraftar	2.-ar						
sjór	2.sjós	-s	hryggur		2.-s	salur	salar	1.-ar
	1.sjóar			hryggjar	1.-j-ar			2.-s
skógur		-ar	leggur	2.leggs	1.-s	siður	1.siðar	1.-ar
	skógar			1.leggjar	2.-j-ar		2.siðs	2.-s
snjór	1.snjós	-s	leikur	leiks	-s	tugur	tugar	-s
	2.snjóar						-ar	
vindur	vinds	-s	lækur		2.-s	vegur	1.vegar	1.-ar
				lækjar	1.-j-ar		2.vegs	2.-s
þröskuldur	1.þröskulds	-s	reykur	2.reyks	1.-s			
	2.þröskuldar			1.reykjar	2.-j-ar			
höfundur		-ar	strengur	1.strengs	-s			
	höfundar			2.strengjar				
gróður	gróðurs	1.-s	styrkur	styrks	-s			
		2.-ar						
hlátur	1.hláturs	-s	veggur	2.veggs	2.-s			
	2.hlátrar			1.veggjar	1.-j-ar			
lestur	2.lesturs	1.-s	vængur	1.vængs	-s			
	1.lestrar	2.-ar		2.vængjar				
rekstur	2.reksturs	-ar	vefur		1.-s			
	1.rekstrar	-s		vefjar	2.-j-ar			
			bær		-j-ar			
				bæjar				
			her	hers	-s			

Tíðnikönnun leiddi í ljós að af 13 orðum úr fyrsta beygingarflokki höfðu 7 orð *-s* eignarfallsendingu sem ríkjandi, tvö orð *höfundur* og *skógur* höfðu *-ar* eignarfallsendingu sem ríkjandi, fjögur orð höfðu tvímyndir og í einu þeirra, *rekstur*, var dreifing *-ar* og *-s* nokkuð jöfn en endingin *-s* heldur tíðari en *-ar* í þremur orðanna *gróður*, *kraftur* og *lestur*. Í öðrum beygingarflokki eru athuguð 15 orð. Samkvæmt könnuninni hafa 7 orð í þeim flokki ríkjandi *-s* eignarfallsendingu, tvímyndir fá 7 orð og 1 orð *bær* fær *-ar* endingu. Í þriðja flokki þar sem *-ar* er almenna eignarfallsendingin (sbr.(1)) eru athuguð 7 orð: 1 orð hefur *-ar* endingu ríkjandi, 4 orð fá tvímyndir og endinguna *-s* sem ríkjandi hafa 2 orð.

#### 4.3 Samanburður við málfræðibækur

Athugun á eignarfalli eintölu karlkynsorða var gerð frá tveimur mismunandi hliðum. Fyrst voru skoðaðar bækur þar sem málfræðireglum er lýst. Málfræðibækur kenna fólki hvernig nota á rétt mál og oft er reynt að útskýra hvernig tungumálið er uppbyggt. Síðan voru gerðar athuganir á fáeinum vefsvæðum þar sem finna má dagblöð, tímarit og aðra texta. Einnig var leitað dæma á leitarvélinni *google.is* en þar má finna mörg dæmi þar sem er ekki alltaf farið eftir málfræðireglum, enda mikið af dæmum úr bloggi og öðru efni sem ber ýmis einkenni talmáls. Hugsanlegar málbreytingar heyrast fyrst í daglegu tali áður en þær koma að jafnaði fram í ritmáli.

Í töflum 8–10 eru dregnar saman niðurstöður athugunarinnar á málfræðibókum (sbr. töflur 1, 2, 3) og þær sem tíðnikönnunin leiddi í ljós (sbr. töflu 7). Í töflunum eru ekki sýndar þær niðurstöður sem voru ótækar, þ.e. orðin: *matur* úr fyrsta beygingarflokki (sbr. töflu 4), *verkur* úr öðrum (sbr. töflu 5) og *liður* úr þriðja flokki (sbr. töflu 6). Saman eru borin 35 orð.

Tafla 8 sýnir samanburð niðurstaðna á 13 karlkynsorðum úr fyrsta beygingarflokki.

Tafla 8.

1. flokkur: <i>-s</i> ef.et.; <i>-ar</i> nf.ft.			
	<i>tvímyndir</i>	<i>-ar</i>	<i>-s</i>
fiskur	VG		CDT, BÍN, <b>kn</b> <sup>3</sup>
hrollur	CDT		BÍN, <b>kn</b>
kraftur	VG, BÍN, <b>kn</b>		

<sup>3</sup>Skammstöfunin **kn** merkir tíðnikönnun.

sjór	VG, SE, BK, JF, CDT, BÍN		<b>kn</b>
skógur	VG, SE	BK, JF, CDT, BÍN, <b>kn</b>	
snjór	SE, BK, BÍN		<b>kn</b>
vindur	VG, CDT	BK	BÍN, <b>kn</b>
þröskuldur	VG, BÍN	BK, JF	CDT, <b>kn</b>
höfundur	VG	SE, BK, JF, CDT, BÍN, <b>kn</b>	
gróður	VG, BK, CDT, <b>kn</b>		BÍN
hlátur	CDT, BÍN		<b>kn</b>
lestur	VG, BK, JF, CDT, BÍN, <b>kn</b>		
rekstur	VG, JF, CDT, BÍN, <b>kn</b>		

Samanburður tíðnikönnunar (sbr. töflu 8) við málfræðibækur úr fyrsta beygingarflokki (sbr. (1)) leiddi í ljós að mestur munur á niðurstöðum er á orðunum *sjór*, *snjór* og *hlátur*. Þau orð eru sögð hafa tvímyndir í málfræðibókum og í BÍN en í tíðnikönnuninni fá orðin *–s* eignarfallsendingu. Orðin *fiskur*, *hrollur* og *vindur* fá *–s* endingu samkvæmt könnuninni en einnig í BÍN. Orðið *fiskur* er sagt hafa tvímyndir hjá VG en *–s* endingu hjá CDT. Tvímyndir hjá VG og CDT fær orðið *vindur* en BK nefnir það með endingu *–ar*. Orðið *hrollur* er sagt hafi tvímyndir hjá CDT. Tvö orð *skógur* og *höfundur* fá yfirleitt eignarfallsendingu *–ar* nema hjá VG þar sem þau eru sögð fá tvímyndir og SE nefnir orðið *skógur* einnig með tvímyndir. Orðið *gróður* er nefnt með *–s* endingu í BÍN en í málfræðibókum og tíðnikönnunni fær það tvímyndir. Beygingarmyndin *gróðurs* er ríkjandi samkvæmt könnuninni. Mismunandi niðurstöður komu fram við samanburð eignarfallsendingar á orðinu *þröskuldur*. Orðið fær tvímyndir hjá VG og í BÍN, er sagt hafa endinguna *–ar* hjá BK og JF en CDT nefnir það aðeins með endingu *–s*. Könnunin leiddi í ljós að beygingarmyndin *þröskulds* er tíðari en hin beygingarmyndin með *–ar*. Þrjú orð, *kraftur*, *lestur* og *rekstur* hafa augljóslega tvímyndir í nútímaíslensku. Höfundar eru sammála um tvímyndir í þeim orðum og er það einnig staðfest í niðurstöðum könnunarinnar. Endingin *–s* er heldur algengari í orðunum *kraftur* og *lestur* en endingin *–ar*. Endingarnar eru nokkurn veginn jafn tíðar í orðinu *rekstur*.

Tafla 9 sýnir samanburð niðurstaðna á 15 karlkynsorðum úr öðrum beygingarflokki.

Tafla 9.

2. flokkur: <i>-s</i> ef.et.; <i>-ir</i> nf.ft. (virk j-innskot regla)			
	<i>tvímyndir</i>	<i>-j-ar</i>	<i>-s</i>
bekkur	VG, BK, CDT, BÍN, <b>kn</b>	JF	
drengur	VG		JF, CDT, BÍN, <b>kn</b>
hringur	VG		JF, CDT, BÍN, <b>kn</b>
hryggur	VG, <b>kn</b>	CDT, BÍN	
leggur	VG, BÍN, <b>kn</b>	CDT	
leikur	VG	CDT	JF, BÍN, <b>kn</b>
lækur	VG, ER, <b>kn</b>	JF, ÁS og MJ, BÍN	CDT
reykur	VG, BK, BÍN, <b>kn</b>	CDT	
strengur	VG, BK, CDT, BÍN		<b>kn</b>
styrkur	VG		CDT, BÍN, <b>kn</b>
veggur	VG, BK, CDT, BÍN, <b>kn</b>	JF	
vængur	VG, BK, CDT, BÍN		JF, <b>kn</b>
vefur	VG, <b>kn</b>	JF, CDT, BÍN	
bær	VG	SE, JF, CDT, BÍN, <b>kn</b>	
her	VG, BK		JF, CDT, BÍN, <b>kn</b>

Eins og sjá má fá 4 orð, *bekkur*, *veggur*, *leggur* og *reykur*, tvímyndir í flestum tilvikum nema *bekkur* og *veggur* eru sögð hafa endingu *-ar* hjá JF. Niðurstöður könnunar sýna þó reyndar að eignarfallsending *-ar* er heldur algengari en *-s* í þeim tveimur orðum (sbr. töflu 5). Orðin *leggur* og *reykur* eru sögð hafa endingu *-ar* hjá CDT en niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að eignarfallsendingin *-s* er heldur algengari en *-ar* (sbr. töflu 5). Könnunin sýnir að 3 orð, *hryggur*, *lækur* og *vefur*, hafa tvímyndir. Hjá VG er sama sinnis fyrir þau öll og hjá ER einnig fyrir orðið *lækur*. BÍN og aðrir höfundar gera ráð fyrir *-ar* eignarfallsendingu en CDT telur orðið *lækur* með *-s* endingu. Fimm orð, *drengur*, *hringur*, *leikur*, *styrkur* og *her*, fá endinguna *-s* í tíðnikönnuninni, BÍN og hjá flestum höfundum. Þau orð eru sögð hafa tvímyndir hjá VG en orðið *her* einnig hjá BK. Orðið *leikur* er sagt fá endinguna *-ar* hjá CDT. Í málfræðibókum og í BÍN fá 2 orð, *strengur* og *vængur*, tvímyndir. Niðurstöður eru frábrugðnar í tíðnikönnuninni þar sem þau fá endingu *-s* og það sama segir JF einnig um

orðið *vængur*. Eitt orð, *bær*, fær *-ar* endingu í könnuninni, BÍN og hjá flestum höfundum utan VG sem segir að orðið hafi tvímyndir.

Tafla 10 sýnir samanburð niðurstaðna á 7 karlkynsorðum úr þriðja beygingarflokki.

Tafla 10.

3. flokkur: <i>-ar</i> ef.et.; <i>-ir</i> nf.ft.			
	<i>tvímyndir</i>	<i>-ar</i>	<i>-s</i>
grunur	ER	CDT	JF, BÍN, <b>kn</b>
kökkur	VG, CDT	BÍN, <b>kn</b>	
reitur	BK		CDT, BÍN, <b>kn</b>
salur	VG, <b>kn</b>	BÍN	
siður	VG, CDT, BÍN, <b>kn</b>		
tugur	CDT, ER, <b>kn</b>	BÍN	
vegur	BÍN, <b>kn</b>	JF, CDT	

Orðin, *salur*, *siður*, *tugur* og *vegur* hafa tvímyndir samkvæmt tíðnikönnun. Orðin *salur* og *tugur* hafa aðeins í BÍN endinguna *-ar*. Orðið *siður* er sagt hafa tvímyndir hjá VG, CDT og í BÍN. Tvímyndir hefur einnig orðið *vegur* í BÍN en JF og CDT segja það aðeins fá endinguna *-ar*. Niðurstöður könnunarinnar sýna að 2 orð, *grunur* og *reitur*, hafa *-s* eignarfallsendingu sem er eins og í BÍN. Orðið *grunur* er sagt hafa endinguna *-s* hjá JF, *-ar* hjá CDT en tvímyndir hjá ER. Orðið *reitur* er sagt hafa endinguna *-s* hjá CDT en tvímyndir hjá BK. Orð *kökkur* fær endinguna *-ar* samkvæmt könnuninni og BÍN en er sagt hafa tvímyndir hjá VG og CDT.

Í þeim beygingarflokkum sem voru athugaðir fá flest orð *-s* endingu eða tvímyndir í tíðnikönnuninni. Ætla mátti að orð úr þriðja beygingarflokki ættu að hafa tilhneigingu til að fá *-ar* endingu þar sem hún er almenn eignarfallsending í þeim flokki en svo ekki. Niðurstöður samanburðar leiddu í ljós að endingin *-s* er ómörkuð gagnvart eignarfallsendingunni *-ar* eins og ER skilgreinir það (sbr. kafla 3.8). Skiptir þá engu máli til hvaða flokks karlkynsorðið heyrir. Af þeim 35 orðum, sem skoðuð voru, eru aðeins 4 orð *höfundur*, *skógur* (1.fl.), *bær* (2.fl.) og *kökkur* (3.fl.) sem hafa *-ar* endingu. Hins vegar er mestur munur á niðurstöðum á 4 orðum *sjór*, *snjór*, *hlátur* og *strengur*. Þau orð voru alltaf nefnd með tvímyndir en tíðnikönnunin sýnir þó reyndar að endingin *-s* er miklu algengari en endingin *-ar*.



Einhverskonar breytingarferli sést sérstaklega í 2. og 3. beygingarflokki. Orð sem hafa aðeins *-ar* endingu í BÍN fá einnig *-s* eignarfallsendingu í tíðnikönnunni. Þau orð eru *hryggur, lækur, salur, tugur* og *vefur*. Í nokkrum orðum af þeim sem hafa tvímyndir og endingin *-ar* er nefnd í BÍN sem ákjósanlegri sést tilhneiging til að þau hafi *-s* endingu jafn tíða. Þau orð eru *rekstur, veggur* og *vegur* (sbr. kafla 4.2). Það virðist einnig vera að í nokkrum orðum sem fá tvímyndir í BÍN, þar sem endingin *-ar* er talin ákjósanlegri, sé nú tilhneiging til að hafa *-s* endingu mun ríkari. Þau orð eru: *lestur, reykur* og *leggur*. Tilhneiging til að hafa frekar *-s* eignarfallsendingu sýna orð sem höfðu tvímyndir og víkjandi *-ar* endingu samkvæmt BÍN. Dæmi: *sjór, snjór, hlátur, strengur* og *vængur*.

Að lokum má draga þá niðurstöðu að flest karlkynsnafnorð sem eru sögð fá tvímyndir í málfræðibókum, sérstaklega hjá VG, hafa tíðari *-s* eignarfallsendingu í tíðnikönnunni. Endingin *-s* er miklu algengari en *-ar* og hún ræður ferðinni við myndun eignarfalls eintölu.

## 5. Lokaorð

Tilgangur ritgerðarinnar var athugun á eignarfalli eintölu karlkynsnafnorða, einkum tvímyndir og frávik frá almennri endingu. Fyrst var eignarfallsendingin skoðuð í málfræðibókum og leitað var að reglum sem ráða vali endingarinnar. Við athugun kom í ljós að við val eignarfallsendingarinnar sé best að hafa í huga almenna skiptingu í beygingarflokka (sbr.(1)). Höfundar valdra bóka nota yfirleitt þá skiptingu til að lýsa karlkynsnafnorðum (sbr. VG, SE, JF). Allir eru sammála um að milli eignarfalls eintölu og nefnifalls fleirtölu sé heilmikil fylgni þannig að karlkynsnafnorð sem fá *-ar* í nefnifalli fleirtölu hafi *-s* eignarfallsendingu (1.fl.). Þó leiddi athugun á málfræðibókum í ljós að tvímyndir og frávik frá almennu eignarfallsendingunni komi einnig til greina. Í fyrsta beygingarflokki má finna tvær vísbendingar í athuguðum ritum um stofngerð karlkynsorðanna sem eru sögð hafa tvímyndir þ.e.: orð með viðskeyti *-und-* (sbr. VG, SE) og *-arð-* (sbr. VG) og tvíkvæð endingarlaus orð sem hafa brottfall sérhljóðs úr stofni (sbr. VG, SE, BK, JF, CDT). Samkvæmt niðurstöðum tíðnikönnunar hefur stofn orðanna með þessum viðskeytum ekki lengur áhrif á val endinganna. Eitt orð *höfundur* af þessari gerð heyrir aðeins í nútímaíslensku til algengri orða og fær eignarfallsendinguna *-ar*. Önnur vísbending er hins vegar gagnlegri og karlkynsorð með tvíkvæðan endingarlausan stofn fá tvímyndir enn þó nokkur tilhneiging sjáist í þeim orðum samkvæmt könnuninni til eignarfallsendingar *-s*.

Málið flækist þegar sjónum er beint að 2. og 3. flokki þar sem endingin í nefnifalli eintölu er *-ir* í þeim báðum en eignarfallsendingar eru mismunandi (sbr.(1)). Annar beygingarflokkur hefur *-s* eignarfallsendingu og til hans heyrir hópur orðanna sem hafa virka *-j*-innskotsreglu. Þau orð eru sögð geta haft tvímyndir (sbr. VG, SE, BK). Tíðnikönnun leiddi í ljós að af þeim orðum sem eru athuguð í 2. flokki fær helmingur *-s* eignarfallsendingu og hinn helmingurinn fær tvímyndir. Eitt orð *bær* sem hefur *-ar* endingu virðist vera undantekning frá öllum hinum orðunum.

Þriðji beygingarflokkur hefur *-ar* eignarfallsendingu (sbr.(1)). ER bendir á að talsverð fylgni sé milli eignarfallsendingar *-ar* og *-ir* í nefnifalli fleirtölu (sbr. kafla 3.8). Sú regla virkar helst í þeim beygingarflokki þannig að karlkynsorð sem fá eignarfallsendinguna *-s* eru undantekningar frá almennu reglunni. Í þriðja flokki nefna höfundar aðeins einstök orð sem eru sögð hafa tvímyndir eða *-s* endingu. Engar sérstakar reglur eru nefndar um það hvað ræður ferðinni við val á *-s* eignarfallsendingu eða hvenær má nota tvímyndir. Tíðnikönnun sýnir að þau orð sem geta fengið tvímyndir hafa tilhneigingu til að fá frekar *-s*

eignarfallsendingu. Sú niðurstaða kemur á óvart því að almenn eignarfallsending í þriðja beygingarflokki er *-ar* og því mætti vænta að orð úr þessum flokki fengju helst þá endingu. Eignarfallsendingin *-s* er sú ómarkaða og orð hafa tilhneigingu til að hafa hana samkvæmt ER (sbr. kafla 3.8) og tíðnikönnuninni (sbr. kafla 4.2) og í því sést almenn þróun eignarfallsendingar í karlkynsorðum.

Við athugun á eignarfalli eintölu í þessari ritgerð kom í ljós að illgerlegt virðist vera að draga fram ákveðnar reglur sem geta sagt okkur, fólki sem ekki hefur íslensku að móðurmáli, hvenær orð fær tvímyndir eða hvenær um frávik frá almennri endingu er að ræða. Því þarf að læra þau orð utan að og til hliðsjónar hafa í huga þær vísbendingar sem bent var á hér á undan.

## Heimildaskrá

- Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 1998. *Íslenska fyrir útlendinga. Kennslubók í málfræði*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*. 2002–2007. Sótt 24. febrúar af <http://BÍN.arnastofnun.is/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Friðrik Magnússon. 1983. *Þágufall eintölu sterka karlkynsorða í íslensku*. Lokaritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Friðrik Magnússon og Stefán Briem. 1991. *Íslensk orðtíðnibók*. Ritst. Jörgen Pind. Orðabók Háskólans. Reykjavík.
- Google.is*. 2009. Sótt 15 mars af <http://www.google.is/>
- Jón Friðjónsson. 1984. *Íslensk beygingafræði*. Reykjavík.
- Jón Hilmar Jónsson. 2005. *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Kress, Bruno. 1982. *Isländische Grammatik*. Verlag Enzyklopädie, Leipzig.
- Kristján Árnason. 1980. *Íslensk málfræði. Kennslubók handa framhaldsskólum. Seinni hluti*. Iðunn, Reykjavík.
- Tímarit.is*. 2000–2009. Sótt 17. febrúar af [http://www.timarit.is/search\\_init.jsp?lang=is](http://www.timarit.is/search_init.jsp?lang=is)
- Margrét Jónsdóttir. 1993. Um *ar-* og *ir-* fleirtölu karlkynsorða í nútímaíslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 15: 77–98.
- Stefán Einarsson. 1948. *Icelandic. Grammar, texts, glossary*. The John Hopkins Press, Baltimore.
- Textasafn. Orðabók Háskólans*. 2004. Sótt 15. febrúar af <http://www.lexis.hi.is/corpus/leit.pl?lemma=bekkjar&ofl=&leita=1&saekja=S%E6kja+or%F0myndir&m1=&lmax=1>
- Thomson, Colin D. 1987. *Íslensk Beygingafræði*. Helmut Buske Verlag, Hamburg.
- Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslensk Grammatik*. H. Hagerups Forlag, København.